

Paulinn 2024 - Fullorðnir og krakkar

Stíflan á Glerárdal

Leiðin liggur inn á Glerárdal að stíflunni sem þar er. Ekið er að Súlubílastæðinu og bíllinn skilinn eftir þar. Gengið er yfir tvo læki á leiðinni og síðan eftir stíkaðri leið eins og verið sé að ganga inn að skála FFA, Lamba. Gengið er þar til komið er að götusneiðinginum þar sem farið er niður að stíflunni og þar á Paulakassinn að vera. Hægt er að fara hringinn eða sömu leið til baka.

Vegalengd inn að stíflu er 3 km. Ef sama leið er farin til baka er vegalengdin alls 6 km.

Gönguhækkun er um 140 m.

Áætlaður göngutími að Paulakassanum og til baka aftur er 2 - 3 klst.